



Ágæti heilbrigðisstarfsmaður,

Þessar upplýsingar eru afhentar ásamt **venetoclax sjúklingakorti**.

Venetoclax sjúklingakortið er hluti af viðbótaraðgerðum til að lágmarka áhættu hjá sjúklingum sem fá meðferð með venetoclaxi við langvinnu eitilfrumuhvítblæði (CLL).

Markmiðið með sjúklingakortinu er að auka skilning og vitneskju sjúklingsins um:

- Hættuna á æxlislýsuheilkenni (TLS),
- Hvað sjúklingar geta gert til að lágmarka áhættuna,
- Sjúkdómseinkenni æxlislýsuheilkennis til að hvetja sjúkling til að leita sér tafarlaust læknaðstoðar ef þau koma upp.

Við minnum á eftirfarandi atriði:

- **Það er mikilvægt að afhenda öllum sjúklingum með langvinnt eitilfrumuhvítblæði sjúklingakortið við upphaf meðferðar með venetoclaxi. Auk þess er mikilvægt að minna sjúklinga á að hafa kortið alltaf meðferðis til að auðvelda samskipti við aðra heilbrigðisstarfsmenn sem veita meðferð.**
- **Ef þú þarft að fá fleiri eintök af venetoclax sjúklingakortinu getur þú óskað eftir því hjá tengiliði AbbVie á Íslandi, Vistor, sími: 535 7000.**
- **Hægt er að nálgast rafræna útgáfu af sjúklingakortinu á eftirfarandi vefslóð <https://www.serlyfjaskra.is/lyf/venclyxto-d5054258-1390-4d5c-a4b0-7e8ee53d73cd>.**
- **Frekari upplýsingar er að finna í uppfærðri samantekt á eiginleikum lyfs fyrir venetoclax sem er aðgengileg á www.serlyfjaskra.is, en einnig er hægt að óska eftir prentuðu eintaki hjá tengiliði AbbVie á Íslandi, Vistor, sími: 535 7000 og fá afhent prentað eintak af uppfærðri samantekt á eiginleikum lyfsins.**

Tilkynning aukaverkana

Heilbrigðisstarfsmenn eru minntir á skyldur sínar til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Hægt er að tilkynna til Lyfjastofnunar:

<https://www.lyfjastofnun.is> eða í gegnum eyðublað (Tilkynning um aukaverkun) sem er að finna í Sögu

Virðingarfyllst,



Ingvaldur Erlingsdóttir

Fyrir hönd Abbvie, Vistor ehf.